

Supermatt

Almött viðarvörn

Efnislýsing

Supermatt er almött heilþekjandi málning til notkunar utanhúss á timburveggi, glugga og þakkanta. Hún þekur mjög vel og er létt að bera á viðinn. Það er því auðvelt að fá fram fallega áferð. Supermatt er byggð á akrýl/alkýð tækni með sérstöku fyllingarefni sem saman gefa endingargott, slitsterkt og almatt yfirborð. Ef Supermatt er notað samhliða Tinova Wood Base Oil og Tinova Primer Exterior endist málningin í allt að 10 ár við eðlilegar aðstæður.

Meðhöndlun

Flöturinn sem mála skal þarf að vera hreinn og þurr (hámark 16% raki).

Nýmálun

1. Fúaverjið með Tinova Wood Base Oil og berið sérlega vel á endatré og aðra gljúpa fleti. Notið olíuna á allt tréverkið sem mála skal.
2. Grunnið allan flötinn með Tinova Primer Exterior eða Tinova Traditional Exterior Primer.
3. Málið yfir tvisvar sinnum með Supermatt.

Endurmálun

1. Þvoið flötinn með Original Málartvätt. Ef mygla eða annar gróður hefur myndast á fletinum skal þvo hann með Original Hustvätt. Skolið vel eftir á með miklu vatni. Látið flötinn þorna vel fyrir málun.
2. Alla gamla, lausa málningu skal fjarlægja. Gljáandi fleti skal slípa matta með sandpappír til að tryggja góða viðloðun. Fúa eða gráma í tré skal fjarlægja uns komið er í eðlilegan viðarlit. Ef viðarkvoða hefur vessað úr viðnum skal skafa og hreinsa hana af.
3. Hreinan beran við (þar sem málning hefur flagnað af) skal fúaverja fyrst með Tinova Wood Base Oil. Grunnið síðan með Tinova Primer Exterior eða Tinova Traditional Exterior Primer.
4. Málið yfir tvisvar sinnum með Supermatt.

Þar sem einungis þarf að yfirmála er nóg að þrífa vel og þússa með sandpappír þar sem við á og mála eina til tvær umferðir af Supermatt. Þó getur þurft að grunna fyrst með Tinova Primer Exterior en það fer eftir ástandi flatarins.

Annað

Hrærið vel í málningarfötunni áður en málað er. Ekki mála ef sólskin skín beint á flötinn eða ef hætta er á rigningu eða daggarmyndun næstu klukkutímana eftir málun.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Akrýl/alkýð

Gljástig: 5%

Snertipur: Við 23°C/50% raka, 2 klst.

Yfirmálun: 4 klst.

Hiti við málun: Minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörrakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningsprautur

Þekja nýmálun: 4-6 fermetrar pr. lítra

Þekja endurmálun: 6-8 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 2,5 og 10 lítra dósir

Stofnar: BW, BM og BC

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/e) 130 g/l):

Inniheldur mest 2 g/l.

Þessi lýsing á við hvítan lit. Gildin geta verið önnur fyrir aðra liti.

Umhverfi

One Super Tech er merkt FSC, sem vottar um samstarf og aðild að stjórnun skóga með sjálfbærum hætti.

